

# Heimskringla.

VI. ár. Nr. 9.

Winnipeg, Man., Canada, 24. Febrúar 1892.

Tölub. 272.

## FRJETTIR.

### ÚTLÖND.

Freycinet og meðráðendur hans sögðu af sjer stjórnmálsmennsku á Frakklandi 18. p. m. Ástæðan var sú, að stjórnmálfrumvarp var þá um daginn felt, með 308 atkvæðum gegn 212. Frumvarpið var um takmörkun rjettinda, er fjelag á Frakklandi hafa og var tilgangurinn eiginlega sá að takmarka vald og rjettindi kápolísku kirkjunnar, sem stjórnmáli er illa við, síðan hún í sumar er leið átti í deilunum við erkbiskupinn af Aix. Í frumvarpinu var ákveðið, að allar fjelagsstofnanir væru skyldar til að segja stjórnmáli nafu sitt, tilgang og aðalþó og sýna nafnaskrá fjelagsins. En þau ákveði er sjerstaklega skertu vald kirkjunnar voru í þá átt, að hver fjelagsmaður hefði rjett til að segja sig úr fjelaginu þegar honum sýndist, að hann þá gæti heimað að fjelaginu öll sín tillög í fjelagsparfir og að fjelagid ekki geti neitað að borga. Enn fremur, að ekkert fjelag mætti eiga meira land en nauðsynlegt væri fyrir samkomustaði og þess háttar, að ekkert sjókráhus, eins eða annars fjelags, mætti hafa meira fje í sjóði en nauðsynlega óheimtist til að framfleyta stofnuninni. Samkvæmt frumvarpinu máttu og engir útleudingar eiga eignir á Frakklandi og engar gjafrir eða erfðafje þiggja frá þarlandu fjelagi. Með þessu voru lögð, eða átti að leggja, óvirkni bónd- og kápolísku kirkjuna, enda sagt að það sje páfannum að þakka, að frumvarpið var felt. — Dað er óvanalega kyrllátt í París í þessu uppistandi.

Vilhjálmur Dýskalands keisari á í sffeldu stríði við ríkisþingið. Seinasta ríman er út af hermálum. Keisarinn hefur nýlega látið skipa svo marga hermenn til löggæzlu í Berlin, að þingmenn sögðu helztu strætinn líkust því, að þau væru hermanna kastalar. Stjórnmál vörurvernd kenni þetta rjett að vera og lofað breytingum. Út frá þessu tóku þingmenn að ræða um hermannaámal yfir höfuð með sjerstöku tilliti til herrjettarinnar, og þar var komið við kaun keisarinn. Caprive keisari sagði þingmönnum hvað eptir annað, að um þetta væri þýðingarlaus að ræða; keisarinn væri einvaldur í öllum slíkum málum. En þingmenn létu sjer ekki segjast, í umræðunum kom fram, að í Bavariu væri herrjettur opinber, en í Prússlandi væri hann leyntlegur, svo að enginn vissi hvað þar gerðist. Meirihluti þingmanna var með því, að rjetturinn væri opinber, og hvað sem kanslarinn sagði, létu þeir málið ganga til atkvæða. Voru 143 atkvæði með opinberum herrjetti, en 100 á móti. — Keisarinn er reidur yfir þessari afskiptasemi, en getur ekki að gert.

Hridargarður gekk yfir meginhluta Evrópu í vikunni er leið. Snjófallið var mikið, en stón talsverð áður, og veðurhæð óvanaleg, einkum á Englandi, enda gerði veðrið þar mikinn skaða, týndi skipam og feunni fje á landi. Bæði á Englandi, Dýskalandi og Frakklandi er umferð mjög sejt og á Frakklandi sátu margar járnbrautarlestir fastar í snjónum, en menn frusu til dauða, jafnvel á strætunum í París.

Á Dýskalandi er sagt að stjórnmál Frakklands hafi nýlega samíð um við þýzka verksmíðjueigendur að fá keypt 3 milj. byssu-hlaupa, er öll eiga að fara til Rússlands.

Elds-umbrot er svo mikil í Etna á Sikiley, að bændaþýlli og smáþorp í grenðinni eru að leggjast í eyði fyrir stóta íbúðanna.

Nálega 200 anarkistar biða dóms í einum bæ, Cadix á Spáni. Af þeim er bútt við að 10 eða 12 fái æfílangt fangelsi, um 50 fangelsi um lengri og skemmri tíma, en að hinir verði frikenndir. Dað hefur verið auglýst, að enginn þeirra verði dæmdur dauðasekur.

Hrossakjótis-metir eru Parísar-búar orðnir og það í stórum stíl. Hin nýju toll-lög stjórnmálarinnar hafa aukíð verð alls kjót-matar, svo að engir neina ríkismenn geta keypt nauta eða sauðakjót. Hrossakjót er nú selt þar á 4-20 cents pundíð.

Frumvarp Balfours um sveitarstjórni á Írlandi var lagt fyrir þing Breta 18. p. m., og þykir það hlú miðla af frjálsræði, en mörg ófrléis-höpt leggja á tilvandi sveitarstjórni. Meðal annars er ákveðið að 20 skattgildir menn geti hvenær sem þeim sýnist, lært einn eða fleiri sveitarráðsmenn fyrir hjeradadómara og heimað þá rekna úr embætti. Dómarinn hefur vald til að fullnægja þeirri kröfu ef honum svo sýnist, og skipar þá Írlands Governör mann í embætti þess er frá var vísað. Allir Gladstones-sinnar og allir írar á þingi voru einhuga í að gera gys að stjórnmáli fyrir að koma fram með svona fyrirlitningarvert frumvarp. John Morley kvæðst einkis annars dómarinn um frumvarpið, eru engu vægari en ræður þingmanna, jafnvel stjórnmálblöðin eiga örðugt með að telja frumvarpinu mikið til gildis.

Svo er almennt álitid að Sir William Vernon Harcourt muni á þessu þingi verða leiðtogi Gladstone-sinna, og að Gladstone sjálfur muni lítinn þátt taka í þingdeilum. Sir William hefur og að nokkru leyti staðfest þessa fregn. Hann flutti merka ræðu í Whitechapel í London að kvöldi hins 17. p. m., og sagði fundarstjóri, einn af þingmönnum, í ávarpi sínu að Sir William væri leiðtogi hinna liberölu á þingi. Sir William bar ekki á móti þessu.

Ítaliskur veður næsti páfinn, er að líkindum sezt í stóllinn áður en langt líður, því núverandi þáh er mjög þunnur og óþunn að vísna upp svo að á hverjum degi er vænt eptir andláti hans. Hann lét fyrir nokkru senda kjörseðla til allra kardinála, er á seðilinn skyldu setja hvaða þjóðar-mann hver einn æskti að sjá í páfástólinum eptir síun dag. Seðlar þessir eru nú allir komnir til skila, og sýna þeir að svo gott sem allir kardinálarir kusu ítalskan eptirmann páfanns. Næst í stólinum stóðu þjóðverjar á þessari kjörskrá, en langt á eptir. Páfinn var gláður við þessa almennu ósk, er hann kvæð samkvæmt sínum egin vilja. Hann hefur þá von enn, að áður en langt lífi endurreisi ítalska þjóðin, hið forna verslega vald páfanns, sjerstaklega af kirkjan lætur Ítali sitja í fyrirómni hvað þessa embættisveiting snertir.

Hurð nærri hálum. Hinn 16. p. m. þegar verið var að enda við reður um út af ávarpinu til þings Breta, kom Thomas Sexton fram með þá breytingar-uppstöngu, að þingið vörurkenni vanmátt sinn í að semja viðunandi lög fyrir Írland. Uppástöngu þessi var feld með 179 atkvæðum gegn 158, og þótti það svo lítil líðunur, þegar að flokkanna er tekið til greina, að stjórnmál var orðlaus af undrun.

Ljótur fregnir berast frá Rússlandi einu sinni enn. Þær eru í þá átt, að kornhlöður hvernvetna á norður og norðaustur Rússlandi sjeu troðfullar af kornmat, þó fólkíð umhverfis sje að deyja úr hungri. Þennan kornmat á að sögn ekki að snerta, heldur geyma hann til vonar og vara, ef Rússar skyldu lenda í stríði við erlendia þjóð. Í millitíðinni mega svo margir af alþýðumönnum deyja úr hungri sem vilja, ef þeir ekki fá hjálp hjá erlendum þjóðum.

Lausafjár eignir W. H. Smiths, fyrrverandi foringja Salisbury's sinna í neðri deild, er fer fram á, að ný stjórndeild sje mynduð—verzlun-arstjórndeild.

Þjóðþingið hefur ákveðið að tollurinn á aðfluttu byggi skuli lækka, er kemur til af því, að háí tollurinn, sem McKinley-lögin lögðu á bygg frá Canada, varð árangurslaus. Bygg Bandaríkja bænda hefur lækkað fremur en hækkað í verði síðan, en canadiska byggið, sem ólbruggarar komast ekkir af án, er í hjer um bil sama verði nú og áður en tollurinn hækkaði.

Samkvæmt frumvarpi demókrata um toll lækku á ullarvarnngi verður tollurinn hæstur 35%, ef frumvarp lagagildi.

15 milj. hefur þingið ákveðið að verja til umbóta á Mississippifjótinu og skal 3 af þeirri upphæð varið samkvæmt fyrirsögn sjóflota stjóra Bandaríkja.

## Bandaríkin.

Eitt af vandræðamálum þjóðþingsins er það, er lýtur að útgáfu silfurpeninga. Bæðir flokkar eru tvískiptir í skoðunum sínum á málinu, en þar sem demókratar eru í meiri hluta í neðri deild, bera þeir ábyrgðina af úrslitum málsins, og þar sem forsetakosningar fara fram í ár, þá eru vandræðin tilfínnaðlegri en annars. Þingmenn silfurámarkjanna heima að silfrinu sje umhverft í peninga, jafnótt og það er leyst út úr grjótnu, og lofa eindregnu fylgi sínu við forsetakosningar þeim flokki er því komi í gang. Aftur er annar flokkur, ef til vill mannfleiri, er heimar alla mögulega takmörkun á útgáfu silfurpeninga og hóta þeim flokki illu einu við kosningarnar, sem eykur útgáfu silfurpeninganna. Í fjárhjörðunni í Washington liggja nú um eða yfir \$400 milj. virði af silfri slegnu og óslegnu, sem ekkert er hægt að gera við eins og stendur, heldur er það þjóðinni arblaus eign. Til þess nú að nota það til einhveris, hefur maður í New York, bæði í gamni og alvöru, stungið upp á því við fjármálastjórnan, að silfrid sje steypit í hellur og úr því byggð höll á sýngáflötinum í Chicago, til sýnis samarid 1893. Honum telst svo til, að úr silfrinu, sem nú liggur ónotað í fjárhjörðunni, mætti byggja skála 400 feta langann, 300 feta breiðan, með 300 feta háum turni upp af aðal-dyrnum og þó nóg eptir til að gera af örn mikinn með nálega 50 feta langa vængi, sem krýna skyldi turninn.

Dað til kjörin þingnefnd hefur komið sjer saman um, að mæla með þeirri þingsályktun, sem nú er væntanleg á hverri stöndu, að vinnu tími allra þjóna alríkisstjórnmálarinnar sje framvegis að eins 8 kílastundir á dag.

Forstöðumenn Columbian-sýningarinnar í Chicago hafa einu sinni enn flúið á náðir þjóðþingsins og beðið um hjálp. Í þetta skipti biða þeir um \$5 milj. til láns gegn nægri tryggingu um endurborgun eptir að sýningin er um garð gengin. Um undanfarnin tíma hefur forstöðumennin fengið allmiklar ávitanir á þingi fyrir eyðslusemi, og er þar einkum talað um hin stórmiklu laun, er formönnum nefndarinnar eru greidd. Forsetinn t. d. hefur \$15,000 um árið, varforsetinn \$12,000 og jafningjar hans eru 3 eða 4 áðrir embættismenn. Þetta álíta þingmenn að sje fram úr öllu hóf og álíta að eyðslusemin sje að sama skapi í öllum öðrum greinum. Nefndin segir nei við öllum slíkum kærnum, og til að samfara þingmenn ina, bauð hún þeim öllum að heimsekja Chicago og yfirllta reikningana, verkstaðin o. s. frv. Um 130 af neðri deildar mönnum þáðu boðið og heimsóttu Chicago, mánuðaginn 22. p. m. Breyttist þá skoðun þeirra allmiklið, og mæla þeir að lík um flestir eða allir með því, að hún nefndarinnar verði veitt.

Frumvarp hefur verið lagt fyrir þjóðþingið, er fer fram á, að ný stjórndeild sje mynduð—verzlun-arstjórndeild.

Þjóðþingið hefur ákveðið að tollurinn á aðfluttu byggi skuli lækka, er kemur til af því, að háí tollurinn, sem McKinley-lögin lögðu á bygg frá Canada, varð árangurslaus. Bygg Bandaríkja bænda hefur lækkað fremur en hækkað í verði síðan, en canadiska byggið, sem ólbruggarar komast ekkir af án, er í hjer um bil sama verði nú og áður en tollurinn hækkaði.

Samkvæmt frumvarpi demókrata um toll lækku á ullarvarnngi verður tollurinn hæstur 35%, ef frumvarp lagagildi.

15 milj. hefur þingið ákveðið að verja til umbóta á Mississippifjótinu og skal 3 af þeirri upphæð varið samkvæmt fyrirsögn sjóflota stjóra Bandaríkja.

Frumvarp er fyrir þjóðþingi þess efnis, að ríkisstjórni geti fengið lánað afgangsfje í fjárhjörðu alríkis stjórnan gegn 24% afgjaldi, svo framfarlega sem því fje er varið til að greiða samgöngur innan þess ríkis, er biður um lánið. Frumvarp þetta fer meina mötsþyrnu.

31. marz næstk. hafa demókratar í Minnesota kjörfund í St. Paul til þess að kjósa fulltrúa að mæta á þjóðfundi demókrata í Chicago í vor. Á kjörfundinum í St. Paul mæta 425 fulltrúar almennings, er þannig eru kjörnir, að einn mætir fyrir hvert county, og að auki einn fyrir hver 300 atkv. er Cleveland fjekki í hverju einu county í ríkinu við síðustu forsetakosningar. Á kjörfundinum verður Hennepin county (Minneapolis) mannfest, með 51 fulltrúa, og Ramsay county (St. Paul) næst með 45. Hjerad íslendinga, Lyon county, sendir 3 menn á fundinn.

Herstjórnan engineer Bandaríkja, major Jones, hefur sent stjórnmáli nákvæmlega gerða áætlun, er sýnir, að með aðgerðum er kosta samtals \$860,000, má tvöfalda vatnsað Rauðar og gera hans skipganga samarid út frá upptöku og norður að Winnipegvatni.—Bæjar Engineerinn í Winnipeg segir að þessi áætlun geti ekki staðist nema fyrir þann hluta árinna, er liggur fyrir sunnan landamærin.

Með þessum aðgerðum segir Jones að Rauða yrði skipgeng frá Winnipeg vatni suður að Big Stone Lake, 615 mílur vegar, og að auki Rauðavatsná (austur um land frá Grand Forks) 325 mílur, og Rauðavatn sjálft 50 mílur. Samtals 990 mílur, og er þó ótalið Winnipeg-vatn og Saskatchewan-fjótíð, er þá mynduðu framhald af þessum vatnsfarvegi. Kostnaðurinn liggur mestur í því að byggja flöðgarða á ákveðnum stöðum, er stemmi fram rás vatnsins nema í ákveðnum mæli.

Tvö eða 3 stærstu járnbrautafjel í Pennsylvania hafa ákveðið að fara í stríð við kola-kongana í því ríki, sem komnir eru í eitt fjelag til að takmarka kolatekju og ráða á þann hátt verðinu á kolum. Járnbrautarfjel. setla að byrja á kolatekju upp á sinn kostnað og ef mögulent er hafa svo mikið af kolum við hendina, að aldrei verði tilfínnaðlegur skortur þeirra.

Meira en \$1 milj. á einni viku nú nýlega græddi Wanamaker, póstmálastjóri Bandaríkja, á peningamarkaðinum í New York. Hlutabref hans í járnbrautarfjelogum hækkuðu í verði sem þessari upphæð nam á tímabilinu.

Samskot Philadelphia-manna til hinna nauðstöddu á Rússlandi, voru hinn 20. p. m. orðin \$70,000. Hinn 22. p. m. fór af stað þaðan skip fermt með hveitimjöli og kornmat til Rússlands, og annað skip fer þaðan innan fárra daga með samskonar farn.

Áð meðaltali unnu 300,000 manns að kola-tekju í Bandaríkjunum á síðastli. ári, og kolatekjan á árinu nam 1154 milj. tons.

Aðeins einn þriðji hluti af síðastli. s-mars uppskeru bænda fyrir vestan Mississippi í Bandaríkjunum hefur enn verið flutt til hafnastaða eystra, og þó hafa öll járnbrautarfjelog gert sitt ystrastatil að flytja kornmatinn burtu.

Framúrskarandi auðug járnnama fannst fyrir fámum dögum norður með Superior-vatni, nálægt hinni fyrirhuguðu járnbraut milli Duluth og Port Arthur.

Á síðastli. ári voru 13,000,000 ekrur af landi undir hör í Bandaríkjunum, og var uppskeran \$104 milj. virði. Meira en 80% af hörnum var ræktað í Minnesota, og South Dakota, Iowa og Nebraska, en ræktað er það í 31 fylkjum alls.

Í fyrri viku brann til rústa rjettarsalurinn gamli Appomatox county í Virginia þar sem Lee hershöfðingi að lýktum lagði niður vopnin og afhenti þau U. S. Grant.

Um \$2 milj. virði af eignum eyði lagist í eldi í New Orleans 17. p. m.

## CANADA.

Sambandsþing Canada verður sett kl. 3 e. hádegi á morgun (fimmtud.) 25. febrúar.

Margvíslegar sagur hafa gengið um það hvað sendimenn Canada-stjórnan afrekuðu á fundinum með Blaine í Washington um daginn. Andvígismenn stjórnmálarinnar auðvitað gera gys að tilrauninni, og segja hana blátt áfram "humbug." Sendimennirnir sjálfir segjast ekki mega opinbera gerðir snar fyrr en á þingi, en segja að frásögn blaðanna um hvað gerst hafi á fundinum sje fjærri rjettu.

Sambandsstjórnan er um það að gef út í sjerstöku bakklingskýrslu, samandregna úr mauntals skýrslunum, er sýnir verð allra verksmíðjueigendanna í ríkinu. Skýrslan sýnir að verðsmíðjurnar í Montreal hafa kost að samtals \$47,739,000, að á þeim verksmíðjum vinna 35,530 manns, að árstæun þeirra nema \$11,782,000, og að verð varningins er þar er unnið á árinu nemur \$62 milj.

Eitt af stjórnafrumvarpunum á næsta þingi verður um nýja kjör-dæma skipting, er leiðir af fólkstatalinn í síðastl. nóv. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í Ontario, Quebec og British Columbia standi þingmanna fjöldinn í stað, í Nova Scotia verða þingmenn 2 færri en áður, og í New Brunswick og Prince Edward Island 1 færri en áður. Í Manitoba bættast 2 þingmenn við, verða 7 framvegis.

Áð af jarðgasi er nýfundin í þorpinu Mimico í grennd við Toronto, er spár 15 milj. teningsfeta af gasi á sólarhringnum.

Lífsábyrgðarskýrslur stjórnmálarinnar sýna, að 20. desember síðastliðinn voru Canadamenn í lífsábyrgð fyrir \$148,343,000; þar af var viðbót á árinu 1891 \$23,285,000. Tala þeirra, er þá voru í lífsábyrgð var samtals 99,130.

Í ræðu í Montreal skýrði hinn nýi fjármálastjóri í Quebec frá því, að skuldir fylkisins 1887, þegar Mercier tók við ráðsmennskunni, hefðu verið \$11,380,000, en að þær hefðu verið komnar upp í \$24,420,000, þegar honum var víkið frá í vetur. Auk þess var bútt svo í haginn fyrir yfirstandandi fjárhagsár, að útgjöldin hlutu að verða nær \$3 milj. meiri en tekiurnar.

Tekjur Ontariofylkisstjórnan á síðastli. fjárhagsári voru \$4,183,000, en útgjöldin \$4,163,563.—Skuldir fylkisins eru sagðar \$17,560, en eignir til að mæta þeim \$5,303,066 virði.

Álit þriðja dómarans, er í fyrstu rannsakaði reikninga Merciers, er nú útþomið og er það í þá átt, að Pacond og Congley sjeu sekir, en að Mercier og hans meðráðamenn sjeu sýknir að því er suertir Baie de Chaleurs fjárdráttarmálið.—Hinir 2 dómararnir sögðu Mercier sekann og fyrir þá skuld vísaði Angers fylkisstjóri honum á dyr.

Nafnfrægur Canadamádur er ný látinn á Englandi, ljest 16. p. m. Dað er elsti admíral Breta og kallaður „fáðir flotan“, Sir Provo William Perry Wallis, nærri 101 árs gamall. Var fæddur í Halifax, Nova Scotia, 12. apríl 1791.

Fjelag til að búa til sykur úr sykurbetum var stofnað fyrir rúmlega ári síðan í Quebec-fylki, en byrjunin hefur gengið svo illa, að eignir þess voru seldar við uppboð 20 p. m.

Canada Kyrrahaf-járnbrautarfjelagid hefur formlega ákveðið, að framvegis skuli allar umbætur á brautinni milli Winnipeg og Port Arthur gerðar á þann hátt, að hvenær sem ákveðið verði, megi tvöfalda sporveginn á allri þessari braut (430 mílur) á sem styttestum tíma.

Fjelag er stofnað í Windsor, Ontario, með \$300,000 hst útbótí, í þeim tilgangi, að gefa út dagblað, er vinni að sameining Bandaríkja og Canada.

Útlit er fyrir að Bretastjórni ljái líð sitt til að fá lagðan telegraf-þráð frá Vancouver í British Columbia til Japan. Formaður telegraf deildar Canada Kyrrahafsfjelagsins segir að þráðurinn muni kosta \$5 milj.

Tveir prestar í ensku (biskupa) kirkjunni í Ontario flúðu þaðan í vikunni er leið, til Bandaríkja, að ætlað er; annar frá Toronto, hinn frá Chatham. Annar fyrir fullir og óreglulífnað, hinn fyjar að hafa lofast 3 stólkum og ákveðið bróðkaupsdag við allar þjár. Ein þeirra er barishafandi eptir hann.

Haggart, hinn nýi umsjónarmaður stjórnafrumvarpanna, hefur hug á að láta Inter-Colonial-brantina borga sig um tíma, ef auðið er. Hann hefur áfráðið að vísa burt 500 mönnum, er hann áltur að sje of aukíð.

Bæjarskuldin í Montreal er sem stendur rjett \$19 milj.

Í Toronto er verið að mynda fjelag, er ætlar sjer að byggja rafur-magnsjárnbraut þaðan til Hanilton, rúmár 40 mílur.

Edward Blake er farinn að taka þátt í pólitikinni aftur. Hann hefur að sögn fengið Thomas McGreevy til að sækja ekki um endurkosning í sínu gamla kjördæmi—West Quebec.

114,000,000 bush. af hveiti síðastliðins árs hafa nú verið seld úr ríkjum Minnesota, Suður- og Norðu-Dakota, er það nærri 15,000 bush. meira en til uppskeru þar 1890.

Sagt er að í þessum þremur ríkjum sjeu en 50,000,000 bush., þar af um 20,000,000 bush. óþreskt. Dyknir líklegt að nokkuð af þessu óþreskta hveiti gangi svo úr sjer að varla verði það flutt til markaðar.

**DR. PRICE'S**  
**Cream Baking**  
**Powder.**  
Brúkað af milliónum manna. 40 ára markaðinum.